

Námskeiðslýsing:

Viðfangsefni námskeiðsins er meginkenningar siðfræðinnar; nemendur kynnst helstu göllum þeirra og kostum, með lestri á verkum Aristótelesar, Platóns, Kants, Mills og fleiri heimspekinga. Um leið og þessi klassísku verk eru lesin, verður fjallað um það sem efst er á baugi í siðfræði nú og rætt um hvernig kenningum siðfræðinnar er beitt til að finna lausn á margvíslegum spurningum samtímans, svo sem um mannréttindi, jöfnuð og einstaklingsfrelsi og átök.

Námsmarkmið:

- Góð þekking á sögu og helstu vandamálum siðfræðinnar.
- Hæfni til að beita kenningum siðfræðinnar.
- Skilningur á helstu spurningum samtímasiðfræði.

Námsfyrirkomulag

Vikulegir fyrirlestrar (9.35-11.45) með umræðum og/eða verkefnavinnu á eftir. Í stað 40 mínútna verkefnatíma í smærri hópum verður vinnutími allra nemenda með stuttu hádegishléi (11.50-13.55).

Námsmat

Verkefnahluti gildir 60% af lokaeinkunn en skrifleg lokapróf 40%. Í lokaprófinu mega nemendur hafa hjá sér frumtexta (Platon, Aristóteles, Kant og Mill) en hvorki önnur hjálpargögn né tölvu. Gert er ráð fyrir að nemendur skili samtals 9 verkefnum, en 8 gilda til verkefnaeinkunnar. Verkefnaskil eru að jafnaði vikulega.

Bækur

Platon, Ríkið. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1991. **R**

Aristóteles, Siðfræði Nikomakkosar. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1995. **SN**

Immanuel Kant, Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003. **GFSB**

John Stuart Mill, Nytjastefnan. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998. **N**

Vilhjálmur Árnason: Farsælt líf réttlátt samfélag. Reykjavík: Forlagið, 2008.

FLRS

– Einnig verður lagt fyrir ítarefni eftir þörfum.

Kennsluáætlun

1. vika, 4. september 2009, verkefnaskil 8. september.

Hvað er siðfræði? Hvernig birtist hún okkur? Hversu mikilvæg er hún? Hverjir stunda hana? Rætt verður almennt um siðfræði í þessum fyrsta tíma og nokkur álitæfni úr samtímanum notuð til að varpa ljósi á tvö kjarnahugtök hennar: *Farsæld og skyldu*. Í vinnutímanum munum við horfa á kvikmyndina *Saving Private Ryan* og spjalla stuttlega um tengsl sögunnar sem kvikmyndin segir við efni dagsins.

Lesefni og annað námsefni

FLRS bls. 17-43; Steven Spielberg: *Saving Private Ryan*.

Siðfræði, Haust 2009 – HHS, AF: 1. ár

Kennari: Jón Ólafsson

Verkefni

Einstaklingsverkefni, skriflegt, **300-500 orð**. Í Saving Private Ryan er ein siðferðileg spurning í forgrunni atburða og ákvarðana. Hver er hún? Er henni svarað í myndinni? Hvernig er hægt að svara henni?

2. vika, 11. september 2009, verkefnaskil 15. september.

Skyldusiðfræði. Ein áhrifamesta kenning siðfræðinnar segir að grundvöll siðferðisins sé að finna í skyldum okkar við sjálf okkur, annað fólk og jafnvel mannkynið í heild sinni. Þýski heimspekingurinn Immanuel Kant er sá höfundur sem þekktastur er fyrir siðfræði af þessu tagi og heimspeki hans má segja að sé fyrirmynd allrar skyldusiðfræði nú á tímum. Í þessari viku og þeirri næstu kynnum við okkur aðalatriðin í kenningu hans.

Lesefni

GFSB bls. 9-86 (inngangur Guðmundar Heiðars Frímanssonar); bls. 89-116 (formáli og fyrsti hluti verksins). FLRS bls xx

Verkefni

Hópverkefni **900-1200** orð: Í upphafi 1. hluta rits síns *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* heldur Kant því fram að siðferðilegt mat sé aðeins hægt að hafa um það sem er gott fyrirvaralaust. Hvað á Kant við með þessu? Ræðið þessa spurningu og rökstyðjið niðurstöður ykkar með dæmum.

3. vika, 18. september 2009, verkefnaskil 22. september (í verkefnatíma)

Virðing fyrir persónum. Í siðfræði Kants birtist annarsvegar sterk áhersla á rökrænan þátt siðferðilegrar hugsunar og hinsvegar þann grunn mannglegra samskipta að hver einstaklingur á skilið virðingu en hefur ekki verðgildi. Það mætti líka segja að í skilningi Kants sé verðmæti hvers einstaklings óendanlega mikið. Við ræðum áfram almennt um siðfræði Kants og um muninn á virðingu og verðgildi.

Lesefni

Immanuel Kant: *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. 2. og 3. hluti bls. 117-213.

Annað efni

Í umræðutíma munum við ræða um aðferðir við að skrifa um siðferðilegar spurningar og skoða leiðir til að nálgast viðbótarefni á netinu og með aðstoð bókasafnsins. Þetta verður mikilvægt þegar fram í sækir í námskeiðinu. Við munum meðal annars kynna okkur vefsíðu með ýmsu nytsamlegu efni um siðfræði: ethics.sandiego.edu. Tíminn verður einnig notaður til að hefja vinnu við verkefni sem skila á í viku 5.

Verkefni

Krossapróf úr 3. hluta bókarinnar, lagt fyrir í lok vinnutímans (kl. 13.30). Í prófinu reynir á skilning nemenda á helstu **hugtökum** í textanum.

Siðfræði, Haust 2009 – HHS, AF: 1. ár

Kennari: Jón Ólafsson

4. vika, 25. september 2009. Engin verkefnaskil í þessari viku.

Siðfræði Platons birtist í nokkrum verkum hans sem skrifuð eru í samræðuformi. Þar rökræðir heimspekingurinn Sókrates við ýmsa menn um efni sem varða hið góða líf og hvað einkenni það. Í þessum rökræðum er tekist á við grundvallarspurningar sem kalla má klassískar og eru því jafn kunnuglegar nú á tímum sem í fornöld.

Leseefni

R bók 1 og 2, fyrra bindi 93-219. Einnig er mælt með inngangi þýðandans, Eyjólfssonar. Woody Allen, Crimes and Misdemeanors.

5. vika, 2. október 2009. Verkefnaskil 3. október.

Heimspeki Platons byggir á þeirri meginhugmynd að heimurinn eins og við upplifum hann með skynfærunum sé aðeins endurskin raunverulegs heims, heims frummyndanna, þar sem hlutina sé að finna í hreinu huglægu formi sínu. Þetta á meðal annars við um hið góða. Það merkir að siðleg breytni snýst um að höndla hið góða sjálft, það er að segja á skilning á hinu góða, réttlæti osfrv.

Leseefni

R bók 7 og 9, síðara bindi bls. 157-217 og 277-324.

Annað efni (á námsskjá)

Bætist við síðar.

Verkefni

Samviskan. Paraverkefni, **900-1200** orð. Sókrates heldur því fram að sá sem gerist sekur um ranglæti sé verr staddur heldur en sá sem verður fyrir ranglæti. Hvernig rökstyður hann þetta? Er rökfærsla hans samnnfærandi? Hver er ykkar skoðun? Færið gild rök fyrir henni.

6. vika 9. október 2009, verkefnaskil 10. október.

Í siðfræði Aristótelesar er áherslan, eins og hjá Platóni, á hið góða líf og heilsteypnan persónuleika frekar en á einstakar athafnir. Aristóteles gefur ágæta hugmynd um þessa nálgun í umfjöllun sinni um dygðir í öðrum kafla *Nikomakkosar siðfræðinnar*. Við ræðum um dygðir og lesti almennt og í tengslum við Aristóteles.

Leseefni

Aristóteles: *Siðfræði Nikomakkosar*, 2. bók, fyrra bindi, bls. 249-279.

Annað efni (á námsskjá)

Bætist við síðar.

Verkefni

Dygðir og lestir. Paraverkefni **900-1200** orð. Hvernig ber að skilja þessi hugtök.

7. vika 16. október 2009, verkefnaskil (framsaga) 21. október.

Í fimmtu bók *Siðfræði Nikomakkosar* fjallar Aristóteles um réttlæti. Við munum ræða réttlætishugtök hans og mikilvægi þess fyrir alla samtímaumræðu um siðfræði og stjórnmal.

Siðfræði, Haust 2009 – HHS, AF: 1. ár

Kennari: Jón Ólafsson

Leseefni

Aristóteles: *Siðfræði Níkomakkosar*, 5. bók, síðara bindi bls. 11-59.

Annað efni – bíódagur

Emmanuel Jal: *War Child*. Sýnd í Helvíti 3 kl. 10.00. Sjá

<http://www.warchildmovie.com/> og <http://www.imdb.com/title/tt1172222/>.

Verkefni

Réttlæti: Herbörn á borð við Emmanuel Jal má segja að séu beitt ranglæti en á sama tíma gerast þau líka sek um ranglæti gagnvart öðrum. Hvaða hjálp er umfjöllun Aristótelesar um réttlæti við að greina sögu hans? Hópverkefni – **framsaga**. Hóparnir undirbúa 8 mínútna langa framsögu sem haldin er í tímanum 21. október. Æskilegt að kennara sé skilað punktum, en ekki er nauðsynlegt að skila skriflegri skýrslu.

8. vika 23. október 2009, verkefnaskil 24. október.

Í síðari bókum *Siðfræði Níkomakkosar* fjallar Aristóteles um tengsl dygðanna og um skiptingu þeirra í vitrænar dygðir og aðrar. Jafnframt fjallar hann um það sérkennilega fyrirbæri í mannlegri breytni, að menn virðast stundum gera það sem þeir vita kemur þeim sjálfum verst.

Leseefni

Aristóteles: *Siðfræði Níkomakkosar*, 6. og 7. bók, síðara bindi bls. 61-147.

Annað efni

Bætist við síðar

Verkefni

Hvað er breyskleiki? Einstaklingsverkefni **800-1000** orð. Ræðið hugtakið og skýrið það með dæmum. Sókrates hafnaði breyskleikanum – hversvegna gerði hann það? Eru menn breyskir? Skýrið mál ykkar með dæmum.

9. vika 30. október 2009, verkefnaskil sama dag.

Að öðrum siðfræðikenningum ólöstuðum má segja að nytjastefnan sé áhrifamesta hugmyndin í siðfræði samtímans. Nytjastefna byggir á einfaldri en mjög öflugri forsendu: Að æðsti siðferðilegi mælikvarði athafna sé afleiðingar þeirra, nánar tiltekið að hve miklu leyti þær auki ánægju eða velsæld.

Leseefni

John Stuart Mill: *Nytjastefnan* kaflar 1 og 2.

Annað efni

Inngangur Rogers Crisps bls. 9-68.

Verkefni

Tímaverkefni. Hver hópur fær eina spurningu úr fyrstu tveimur köflum bókarinnar og notar verkefnatímamann til að svara henni.

Siðfræði, Haust 2009 – HHS, AF: 1. ár

Kennari: Jón Ólafsson

10. vika 6. nóvember 2009, verkefnaskil 13 nóvember (í verkefnatíma).

Nytjastefnan hefur verið gagnrýnd vegna nokkurra grundvallarveikleika hennar. Einn veikleikinn er sá að hún virðist krefjast þess að réttlæti sé sniðgengið undir vissum kringumstæðum, það er að segja það kann að vera siðferðilega rétt að beita annan einstakling ranglæti sé það í þágu velferðar heildarinnar, eða almannahagsmuna yfirleitt.

Lesefni

John Stuart Mill: *Nytjastefnan* kaflar 3-5.

Annað efni – bíódagur

Alan J. Pakula: *Sophie's Choice*. Sýnd í Helvíti 3 kl. 9.30. Sjá nánar um myndina <http://www.imdb.com/title/tt0084707/>.

Verkefni

Paraverkefni **900-1200** orð. Hvernig myndi nytjastefnumaður greina vanda Sophie í *Sophie's Choice*? Getur nytjastefnan hjálpað okkur við að takast á við vandann með fullnægjandi hætti?

11. vika 13. nóvember 2009, engin verkefnaskil.

Siðfræði er eins og við höfum komist að forn fræðigrein. Að sumu leyti hefur hún breyst í gegnum tíðina en að öðru leyti ekki. Í þessum síðasta tíma fjöllum við um það sem efst hefur verið á baugi í siðfræði undanfarna áratugi, ekki síst hvernig siðfræði fornaldar hefur gengið í endurnýjun lífdaga með svokallaðri dygðasiðfræði.

Lesefni

Elisabeth Anscombe: „Siðfræði nútímans“ (á námsskjá).

Annað efni

Bætist við síðar.